



113. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. maí 2010 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Magnús A. Sigurðsson. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Þorleifur Eiríksson forfölluðust.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 112. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði

Farið var yfir svarbréf sveitarfélaga vegna umsókna um uppsetningu á upplýsingaskiltum sem fyrirhugað er að setja upp við hafnir í Stykkishólmi, Flatey og Brjánslæk.

Afgreiðsla:

Vesturbyggð og Reykhólahreppur hafa gefið jákvætt svar og bent á hugsanlega staðsetningu skiltanna. Hafnarstjórn Stykkishólmsbæjar telur skiltið líta vel út en ekki samræmast í heildarútliti þeirri stefnu sem hafnarstjórn hefur sett sér í útliti skilta við höfnina. Kolbrún mun leita leiða hjá hafnarstjórn og Vegagerðinni um úrlausn þessa máls.

Vettvangsferð um suðureyjar Breiðafjarðar

Þann 9. júlí nk. ætlar Breiðafjarðarnefnd að fara í vettvangsferð um suðureyjar Breiðafjarðar. Farið var yfir ferðatilhögunina. Ákveðið var að bjóða Svandísi Svavarsdóttur, umhverfisráðherra með í ferðina. Einnig á að bjóða Margréti Hallmundsdóttur, Árna Björnssyni og Sverri Jakobssyni.

Viðbótarupplýsingar vegna umsóknar Íslenskrar gæða bláskeljar ehf um kræklingarækt í mynni Hvammsfjarðar

Lögð var fram umsögn sem nefndin afgreiddi milli funda vegna viðbótarupplýsinga frá Íslenskri gæða bláskel varðandi starfsleyfi. Beiðni um umsögn var send frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Önnur mál

Starfsskýrsla 2009

Kolbrún sagði frá fundi sem hún og Guðríður áttu með Svandísi Svavarsdóttur, umhverfisráðherra þann 14. maí sl., þar sem þær afhentu ráðherra starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar síðastliðins árs.

Vegagerð við Breiðafjörð

Þórólfur sagði frá fjölmennum fundi sem haldinn var á Patreksfirði 11. maí sl. um vegamál í Gufudalssveit. Á fundinum voru samgönguráðherra, vegamálastjóri, fulltrúar sveitarfélaganna á sunnanverðum Vestfjörðum og fleiri. Samdóma álit fundarmanna var að vegurinn skyldi lagður samkvæmt svokallaðri leið B út Hallsteinsnes yfir Djúpafjörð um Grónes yfir Gufufjörð og vestur á Melanes eins og nýstaðfest aðalskipulag fyrir Reykhólahrepp gerir ráð fyrir.

Fundi var slitið kl. 12:30.